
UNGBARNALEIKSKÓLINN ÁRSÓL – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI



Maí 2015

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Auður Ævarsdóttir
Kristín Hildur Ólafsdóttir
Kristín Sæmundsdóttir

Inngangur.....	4
Greining	5
Stjórnun	6
Uppeldis- og menntastarf	7
Mannauður	9
Leikskólabragur	10
Innra mat	11

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats á Ungbarnaleikskólanum Ársól sem fram fór í maí 2015. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Meginstef ytra mats á leikskólum er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs, að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum leikskólastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Uppeldis- og menntastarf
- III. Mannauður
- IV. Leikskólabragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat.

Matið fór fram í maí 2015 og átti gagnaöflun í leikskólanum sér stað 18.–22. maí. Matið byggir á niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks og foreldra, svörum við foreldrakönnun og starfsmannakönnun sem safnað var 15. maí – 15. júní og vettvangsathugunum á öllum deildum leikskólans.

UNGBARNALEIKSKÓLINN ÁRSÓL

Ungbarnaleikskólinn Ársól tók til starfa árið 2008 og er staðsettur við Sólheima 31-35 í Reykjavík.

Leikskólastjóri er Berglind Grétarsdóttir og aðstoðarleikskólastjóri er María Baldursdóttir.

Í leikskólanum er tvær deildir og voru 52 börn þar í vistun í maí 2015. Börnin eru á aldrinum níu mánaða til þriggja ára. Deildirnar heita Bangastofa og Kisustofa og eru 26 börn á hvorri deild á aldursblönduðum deildum.

Framúrskarandi verklag

Markvisst er unnið að því að efla heilbrigði og vellíðan og er sú vinna sýnileg í daglegu starfi þar sem lögð er áhersla á hreyfingu, heilsubók barnsins og næringarstefnu leikskólans.

Áhersla leikskólans á hreyfingu barna er einkennandi fyrir allt starf leikskólans og er mikill metnaður í þróun þess.

Það sem vel er gert:

Stefna leikskólans er skýr og starfsfólk og foreldrar eru meðvitaðir um stefnuna og hún birtist í daglegu starfi leikskólans. Stjórnendur leitast við að nýta hæfni starfsmanna og menntun þeirra í faglegu starfi leikskólans.

Börnunum líður vel í leikskólanum þau eru glöð og það ríkir samkennd og virðing í hópnum. Leikskólakennarar eru fyrirmyndir í samskiptum við foreldra og börn og í að leiða faglegt starf. Gott flæði er í dagskipulagi deilda og það er endurmetið reglulega. Börnum er skipt í minni hópa og jafnvægi er milli frjálsra leikja og skipulagðra stunda. Unnið er markvisst með heimamenningu barna, myndir af fjölskyldum barnanna eru í þeirra hæð, einnig er farið heim til barnanna við upphaf leikskólavaldar. Foreldrar eru virkir þátttakendur í leikskólastarfinu og fá tækifæri til fylgjast með námi barna sinna. Foreldrar eru ánægðir með upplýsingagjöf leikskólans. Áætlun um mat á skólaárinu liggur fyrir og mat fer reglulega fram. Greinargerð um innra mat er birt opinberlega með styrkleikum og tækifærum.

Tækifæri til umbóta:

Í skólanámskrá þarf að gera námssviðum aðalnámskrár betur skil með markmið og leiðir í huga. Sjá til þess að lýðræði komi fram í stefnu leikskólans. Í skólanámskrá þarf að fjalla um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta innra starf og hvernig markmið leikskólans verði metin. Virkja þarf starfsfólk og foreldra til virkrar þátttöku í ákvarðanatöku um innra mat leikskólans og að það verði samstarfsverkefni þeirra.

Tækifæri er til að bæta almennt umhverfi og efnivið á deildum. Gefa börnum tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins og viðfangsefni skipulagðra stunda með aðferðum sem henta aldri og þroska. Aðalrými deildanna verði skoðað með tilliti til þess að nýta rýmið betur fyrir minni hópa á afmörkuðum svæðum. Huga að efnivið sem tekur mið af hæfileikum og námsþörfum barna. Ritmálið verði gert sýnilegra og markvissara í umhverfi leikskólans. Mat á námi og stöðu barna þarf að taka meira mið af áherslum í aðalnámskrá og notuð verði fjölbreytt gögn við matið. Sjá til þess að upplýsingar um foreldraráð birtist á heimasíðu leikskólans. Bæta þarf aðbúnað barna á útisvæði.

STJÓRNUN

Það sem vel er gert:

Stefna leikskólans er skýr, starfsfólk og foreldrar eru meðvitaðir um stefnuna og hún birtist í daglegu starfi leikskólans. Stjórnendur leitast við að nýta hæfni starfsmanna og menntun þeirra í faglegu starfi leikskólans. Starfsþróunarsamtöl eru tekin árlega og niðurstöður eru skráðar og þeim er fylgt eftir. Símenntunaráætlun endurspeglar áherslur leikskólans og starfsfólk er hvatt til að efla sig í starfi.

Starfsfólk fær reglulega fræðslu um öryggis- og slysamál. Skýrslur og áætlanir eru aðgengilegar og skýrt fram settar. Skýrslur og verklagsreglur er varða slys, áföll og öryggisáætlun liggja fyrir og eru vel unnar.

Litið er á foreldra og börn sem samstarfsaðila. Heilsubók barnsins er notuð við að meta framfarir barna og er hún hluti af leikskólastarfinu.

Tækifæri til umbóta:

Verkaskipting stjórnenda verði gerð skrifleg og sýnileg fyrir starfsfólki leikskólans. Stjórnandi mætti vera sýnilegri á deildum leikskólans. Stjórnendur setji fram dagskrá og fundargerðir vegna deildarstjórafunda og deildarfunda og verði aðgengileg fyrir starfsfólki.

Stuðla enn frekar að bættum starfsanda og gagnkvæmu trausti á milli starfsmanna. Gerðar verði verklagsreglur um einelti og ágreiningsmál sem unnið verði eftir í starfsmannahópnum. Unnið verði að því að gera starfsmannahandbók aðgengilega á deildum og hún verði uppfærð reglulega. Samræmi sé á milli upplýsinga til starfsmanna á deildum og sjá til þess að allir fái þær.

Í skólanámskrá þarf að gera námssviðum aðalnámskrár betur skil með markmið og leiðir í huga. Sjá til þess að lýðræði komi fram í stefnu leikskólans. Samræma þarf betur símenntunar - og umbótaáætlun leikskólans.

Stjórnendur sjái til þess að gerð sé áætlun um jafnrétti, byggð á 23. grein jafnréttislaga nr. 10/2008.

Það sem vel er gert:

Markvisst er unnið að því að efla heilbrigði og vellíðan og er sú vinna sýnileg í daglegu starfi þar sem lögð er áhersla á hreyfingu, heilsubók barnsins og næringarstefnu leikskólans. Áhersla leikskólans á hreyfingu barna er einkennandi fyrir allt starf leikskólans og er mikill metnaður í þróun þess.

Starfsfólk á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin og myndar tengsl við þau í gegnum leik. Umhyggja einkennir samskipti starfsfólks við börn. Komið er til móts við börnin þegar þau vilja skipta um viðfangsefni. Jafnrétti og jöfn hlutdeild barna birtist í starfi á deildum.

Gott flæði er í dagskipulagi deilda og það er endurmetið reglulega. Börnum er skipt í minni hópa og jafnvægi er milli frjálsra leikja og skipulagðra stunda. Starfsfólk nýtir nærumhverfi leikskólans og fer í gönguferðir með börnunum þar sem þau eru hvött til hreyfingar.

Unnið er markvisst með heimamenningu barna, myndir af fjölskyldum barnanna eru í þeirra hæð, einnig er farið heim til barnanna við upphaf leikskóladvalar. Foreldrar eru reglulega upplýstir um niðurstöður mats á námi og stöðu barna.

Tækifæri til umbóta:

Tækifæri er til að bæta almennt umhverfi og efnivið á deildum. Auka má fjölbreytni í leikefni fyrir börnin og huga að því að þau leiki meira á gólfinu þar sem þau geta hreyft sig frjálst. Aðalrými deildanna verði skoðað með tilliti til þess að nýta rýmið betur fyrir minni hópa á afmörkuðum svæðum. Hugsað efnivið sem tekur mið af hæfileikum og námsþörfum barna. Nýta betur daglegar athafnið til náms og samskipta og koma í veg fyrir biðtíma barna.

Skoða þarf námsleiðir með aldur og þroska barna í huga þegar kemur að viðfangsefnum daglegs starfs. Auka aðgengi barna að leikefni og bókum. Auka þarf fjölbreytni efniviðar/leikefnis í könnunarleik. Leikefni verið gert sýnilegt og möguleikar barna til að velja sjálf gerðir að veruleika. Sjá til þess að námsumhverfi styðji betur við máltöku barna með bókum, myndum og fleiru í umhverfinu. Ritmálið verði gert sýnilegra og nýtt markvisst í umhverfi leikskólans.

Gefa börnum tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins og viðfangsefni skipulagðra stunda með aðferðum sem henta aldri og þroska. Nýta ánægju, áhuga og líðan barna sem vísbendingu í innra mati leikskólans.

Stuðla að virkni og sjálfstæði barnanna með hugmyndir, sjónarmið og sjálfsprottin leik í huga. Efla þátttöku barna í söngstund/samverustund. Sjá til þess að börnin hafi meira val um viðfangsefni fyrir utan hóptíma s.s. þegar þau koma á morgnana og seinnipart dags.

Í sköpun verði lögð áhersla á ferli og uppgötvun barna í stað afurðar og séð til þess að það endurspeglist í daglegu starfi og taki mið af skólanámskrá leikskólans. Gæta þarf að því að verkefni séu ekki of kennarastýrð fyrir svo ung börn.

Mat á námi og stöðu barna þarf að taka meira mið af áherslum í aðalnámskrá. Við mat á námi og stöðu barna verði notuð fjölbreytt gögn, skráningar, ferilmöppur og upplýsingar frá foreldrum. Sjá til þess að foreldrar komi markvisst að þátttöku í mati á börnum. Stuðla að því að starfsfólk fái stuðning og leiðsögn við skráningu og mat.

Það sem vel er gert:

Leikskólakennarar eru fyrirmyndir í samskiptum við foreldra og börn og í að leiða faglegt starf. Starfsfólk er ánægt með heilsustefnuna og hún birtist í daglegu starfi. Samstarf og samábyrgð starfsfólks eru sýnileg innan deilda og farvegur er fyrir samstarfi á milli deilda. Hugmyndum um nýjungar er vel tekið og starfsfólk sækir símenntun. Starfsfólk er ánægt í starfi og hefur trú á gæðum leikskólastarfsins.

Tækifæri til umbóta:

Leikskólinn setji fram markmið og leiðir að áherslum aðalnámskrár og það endurspeglit í starfinu. Vinna að því að deildarfundir séu haldnir reglulega og að þeir séu vettvangur skoðanaskipta og upplýsingamiðlunar.

Það sem vel er gert:

Áherslur leikskólans og gildi endurspeglast í öllu starfi.

Börnunum líður vel í leikskólanum, þau eru glöð og það ríkir samkennd og virðing í hópnum. Starfsfólk er uppbyggjandi og hvetjandi í samskiptum sínum við börnin.

Foreldrar eru virkir þátttakendur í leikskólastarfinu og fá tækifæri til fylgjast með námi barna sinna. Foreldrar eru ánægðir með upplýsingagjöf leikskólans. Ákvarðanir er varða stefnu og starfsemi leikskólans eru lagðar fyrir foreldraráð til umsagnar. Almenn ánægja ríkir meðal foreldra með leikskólann, leikskólastarfið og áherslur hans.

Tækifæri til umbóta:

Unnið verði með samskipti og virðingu í starfsmannahópnum til að efla traust milli allra. Reglur verði gerðar sýnilegar á deildum og samræmdar fyrir starfsfólk og börn.

Sjá til þess að upplýsingar um foreldraráð, starfsemina, stjórn og fundargerðir birtist á heimasíðu Ársólar. Sjá til þess að hagnýtar upplýsingar á erlendum tungumálum séu á heimasíðu leikskólans. Bæta þarf aðbúnað barna á útisvæði.

Það sem vel er gert:

Áætlun um mat á skólaárinu liggur fyrir og mat fer reglulega fram. Ytra mat er nýtt til þróunar leikskólastarfsins. Greinargerð um innra mat er birt opinberlega með styrkleikum og tækifærum.

Tækifæri til umbóta:

Í skólanámskrá þarf að fjalla um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta innra starf. Í skólanámskrá sé fjallað um hvernig markmið leikskólans verði metin reglubundið. Vinna þarf leiðir að markmiðum og skilgreina viðmið um þann árangur sem stefnt er að. Gæta þess að samræmi sé á milli greiningar á styrkleikum og veikleikum og umbótaáætlunar.

Virkja starfsfólk og foreldra leikskólans til virkrar þátttöku í ákvarðanatöku um innra mat og að það verði samstarfsverkefni þeirra.

Leikskólinn geri matsáætlun fram í tímann (3-5 ár).

Heimasíða Ungbarnaleikskóla Ársól <http://www.leikskolinn.is/arsol/>

Starfsáætlun Ársólar. (2014-2015). <http://www.leikskolinn.is/arsol/>

Skólanámskrá Ungbarnleiksólans Ársólar. (2012-2016)

Viðhorf forelda Ungbarnaleikskóla Ársólar. (maí 2015). Reykjavík: Skóla- og frístundasvið

Reykjavíkurborgar, tölfraeði- og rannsóknarþjónusta.

Viðhorf starfsmanna Ungbarnaleikskólans Ársólar. (júní 2015). Reykjavík: Skóla- og frístundasvið

Reykjavíkurborgar, tölfraeði- og rannsóknarþjónusta.